

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits 19.2.2015

Fulltrúi UST Eva Dögg Kristjánsdóttir

Fyrirtæki Vinnslustöðin hf.

Fulltrúi UST

Heimili Hafnargötu 2

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 700269-3299

Flokkur Fiskimjölsverksmiðja

Fulltrúi fyrirtækis Sigurður Friðbjörnsson

ÍSAT nr. 15.20.7 Mjöl og lysisv.

Fulltrúi fyrirtækis

Staðsetning 436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Nýtt starfsleyfi fyrir starfssemina tók gildi 17. september 2014 og gildir til 2030.

Í eftirliti síðasta árs komu fram tvö frávik frá starfsleyfi: Lekavarnarþró er ófullnægjandi, en það er frávik frá grein 2.21 í starfsleyfi, þá var magn uppleystra efna (COD) og svifefna yfir starfsleyfismörkum í frárennslismælingum sem framkvæmdar voru í maí 2014. Vinnslustöðin sendi Umhverfisstofnun úrbótaáætlun vegna beggja frávika þann 12. september 2014. Umhverfisstofnun samþykkti áætlunina og veitti fresti til 6. janúar 2015 og 1. febrúar 2015. Úrbótum hefur hinsvegar ekki verið lokið og var staðfest í eftirlitinu að bæði frávakin eru enn til staðar. Búið er að gera endurbætur á hreinsibúnaði fyrir frárennsli, m.a. bæta við tromlu/síu og fyrirhugað er að mæla frárennslið á þessari vertíð til að meta árangurinn.

Ekki komu fram fleiri frávik við eftirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands var einnig með á staðnum. Verksmiðjan var í gangi þegar eftirlitið fór fram, verið var að vinna loðnu.

Rætt var um niðurstöður síðustu frárennslismælinga, en þar var COD og svif yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur bætt við tromlu til að sía svifagnir frá frárennslinu og áformað er að mæla frárennslið á yfirstandandi vertíð til að meta hvort það sé komið undir mörk eftir breytingarnar. Það er í skoðun að byggja nýtt hús undir uppsjávarvinnslu fyrirtækisins, ef af því verður þarf að færa hreinsistöð fiskimjölvinnslunar og tanka hennar ásamt lekavarnarþró. Þessar fyrirhuguðu framkvæmdir og óvissan um þær orsaka að hluta til seinkun úrbóta á þeim frávikum sem komu fram í síðasta eftirliti og eru enn til staðar nú.

Spurt var um öryggisblöð efna. Þau voru aðgengileg í möppu. Þá var spurt um viðhaldsskáningar. Viðhald er almennt skráð í verksmiðjunni en ekki er haldin sér skrá fyrir skráningar á viðhaldi á mengunarvarnarbúnaði. Engin athugasemd er gerð við öryggisblöð né viðhaldsskráningar.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsseminnar frá síðasta eftirliti. Ein kvörtun vegna lyktar barst heilbrigðiseftirlitinu síðasta sumar, en þá var verksmiðjan ekki í gangi svo rekja mátti uppruna lyktarinnar annað.

Farið var í hreinsistöð og kíkt á fitugildru og nýuppsetta tromlu sem síar svifagnir úr frárennslinu. Fitugildran er tæmd og hreinsuð árlega. Þá var lekavarnarþróin skoðuð. Ástand hennar er hið sama og í síðasta eftirliti. Botninn er aðeins að hluta til steyptur og veggir hennar eru ekki heilir. Rekstraraðili hefur dregið að loka einu opinu til að auðvelda aðgengi vinnuvéla þegar að því kemur að klára að steypa/malbika botn þróarinnar.

Eftirlitsaðili minnti rekstraraðila á að senda Umhverfisstofnun TVN-gildi í lok hverrar vertíðar, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi.

Þá var rætt um heildarúttekt á losun mengandi efna, sbr. grein 5.2 í starfsleyfi, en framkvæma skal frárennslismælingar fyrir helstu tegundir bræðslufisks og skila skýrslu með helstu niðurstöðum og mati á heildarlosun lífrænna efna fyrir **1. maí 2016**.

Grein 2.21

Lekavarnarþró í kringum lýsistanka uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. Frágangi á steyptu undirlagi í þrónum er ekki lokið og því lekavarnarþróin ófullnægjandi. Auk þess eru úrgangur geymdur í þrónum en mikilvægt er að þær séu tómar og þéttar.

Grein 2.17

Magn uppleystra efna (COD) og svifefna mælast yfir starfsleyfismörkum í frárennslismælingum sem framkvæmdar voru í maí 2014. Virkni úrbóta á mengunarvarnabúnaði hefur ekki verið staðfest með mælingu.

ATHUGASEMDIR

Framkvæma átti mælingar á ryki í útblæstri frá olíubrennara fyrir árslok 2014, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi. Mælingin hefur ekki verið framkvæmd en er á dagskrá. Í eftirlitsskýrslu úr síðasta eftirliti kom fram að þessi mæling ætti að fara fram fyrir árslok 2015. Vegna misvísandi upplýsinga er þetta atriði ekki skráð sem frávik núna.

Reykjavík, 11.03.2015

Eva Dögg Kristjánsdóttir

Eva Dögg Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.